

Skipulagsstofnun
Matthildur B. Stefánsdóttir
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. nóvember 2018

2018110012/42-2

TB

tb

Ný skólphreinsistöð fyrir Egilsstaði og Fellabæ - matsskylda

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 1. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort ný skólphreinsistöð fyrir Egilsstaði og Fellabæ skuli háð háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki að teknu tilliti til 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Eins og framangreindri framkvæmd er lýst þá eru hún að langmestu leiti á þegar röskuðu eða ræktuðu svæði í og víð þéttbýli. Sjálf hreinsistöðin er á ræktuðu túni og nýjar fráveitulagnir fara um tún/raskað svæði að lang mestu leiti nema þar sem lagnir fara á um 250 m kafla um votlendi norðan flugbrautar á svæði nr. 647 á náttúruminjaskrá. Ef staðið verður að framkvæmd við fráveituna eins og henni er lýst í greinargerð til matsskyldu eiga varanlega áhrif af lögninni að vera óveruleg að mati Náttúrufræðistofnunar.

Náttúrufræðistofnun telur náttúrufar, gróður (vistgerðir og tegundir), jarðminjar og fuglalíf, þess svæði sem hugsanlega verður fyrir beinum áhrifum vera þess eðlis að ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra mótvægisáðgerða sem gert er ráð fyrir þ.e. framkvæmdatíma, legu lagna og staðsetningu hreinsistöðvar. Náttúrufræðistofnun leggur ekki sérstakt mat á gæði þeirrar hreinsunar sem gert er ráð fyrir þar sem það er utan verksviðs stofnunarinnar. Engu að síður er það mat stofnunarinnar að fyrirhugaðar framkvæmdir eins og þeim er lýst muni hafa jákvæð áhrif til að minnka mengun og því jákvæð áhrif á lífríki niður með Lagarfljóti.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins og lagt mat á hugsanleg umhverfisáhrif og telur með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að framkvæmdin skuli ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Virðingarfyllst


Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

